



**159. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar  
miðvikudaginn, 12. apríl, 2006, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.  
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

**Dagskrá og afgreiðslur:**

- 1. Trúnaðarmál.**  
*Bókað í trúnaðarbók.*
- 2. Endurskoðun reglna um leigulönd.**  
*Afgreiðslu frestað til næsta fundar.*
- 3. Drög að reglum um sölu íbúða í eigu Blönduóssbæjar.**  
*Farið var yfir drög lögð fram af bæjarstjóra. Samþykkt að vísa drögum til umræðu næsta bæjarstjórnarfundar.*
- 4. Bréf frá Jöfnunarjóði sveitarfélaga.**  
*Uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2005 lagt fram ásamt yfirliti yfir áætluð framög ársins 2006.*

*Áætlað framlag 2006 er eftirfarandi:*

<i>Útgjaldajöfnunarframlag:</i>	<i>32.540.631,-</i>
<i>Almennt framlag til reksturs grunnskóla:</i>	<i>22.391.252,-</i>
<i>Framlag vegna sérþarfa:</i>	<i>6.510.000,-</i>
<i>Framlag til nýbúafraeðslu:</i>	<i>96.000,-</i>
<i>Greiðsla húsaleigubóta:</i>	<i>2.608.200,-</i>
<i>Framlag v. breytinga á álagningarst. mannvirkja:</i>	<i>24.641.455,-</i>

*Lagt fram til kynningar.*

- 5. Erindi frá Fasteignamati ríkisins.**  
*Óskað er umsagnar bæjaryfirvalda vegna beiðni um endurmat fasteignamats fasteignarinnar Skúlahorns, fastanr. 145154, Blönduósi.*

*Bæjarráð undrast þau rök sem fram koma í afriti af bréfi eigenda fasteignarinnar Skúlahorns í bréfi, dags. 17. janúar 2006 þar sem fullyrt er að markaðsverð fasteigna á Blönduósi hafi ekki haldið sínu á síðustu árum og farið lækkandi m.v. vísitölu. Fasteignaviðskipti sem átt hafa sér stað nýverið á atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu endurspeglar annað. Bæjarstjóra falið að rita FMR bréf.*



**6. Erindi frá skipulagsstofnun.**

*Fram kemur að stofnuninni hafa borist drög að tillögu að matsáætlun vegar norðan Svínavatns og er framkvæmdaraðili Leið ehf. Er sveitarfélaginu gefinn kostur að taka afstöðu til fyrirhugaðra framkvæmda áður en Skipulagsstofnun hefur formlega umfjöllun.*

*Bæjarráð ítrekar fyrri afstöðu til málsins og þá stefnu sem mörkuð var með svæðisskipulagi 2004-2016 og felur bæjarstjóra að rita stofnuninni bréf.*

**7. Umsókn um byggingarlóð.**

*Lárus B. Jónsson sækir um lóð undir parhús við Smárabraut 10 – 12. Bæjarráð samþykkir umsóknina. Jafnframt er samþykkt að bókun frá 13. mars 2003 gildi um byggingarlóð þessa, þ.e. að veittur verði styrkur sem nemi upphæð gatnagerðargjalda.*

**8. Erindi frá Veiðifélagi Laxár á Ásum.**

*Aðalfundur Veiðifélagsins verður haldinn laugardaginn 22. apríl nk. í Flóðvangi, kl. 12:00.*

**9. Fundargerð SSNV.**

*Fundargerðin er frá 14. mars sl. og er lögð fram til kynningar.*

**10. Önnur mál.**

**a. Umsókn um ferðastyrk.** *Forstöðumaður félagsstarfs aldraðra sækir um styrk vegna handverkssýningar sem hún sótti í Þýskalandi í vor, að upphæð kr. 97.000,-. Bæjarráð samþykkir erindið.*

**b. Fundarboð.** *Aðalfundur Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi verður haldinn sunnudaginn 7. maí nk. kl. 14:00.*

**c. Laun Vinnuskóla.** *Bæjarstjóri lagði fram tillögur að launum í vinnuskóla árið 2006. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög.*

**d. Erindi frá Reiðhöllinni Arnargerði.** *Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að styrkja uppbyggingu reiðhalla og getur styrkveiting numið allt að 30 mkr. Forsendur úthlutunar er að hestamannafélög og viðkomandi sveitarfélag séu aðilar að umsókninni. Með bréfi dags. 11. apríl 2006 fer formaður Hestamannafélagsins Neista, Þorgils Magnússon, þess á leit við sveitarfélagið að Blönduósbær samþykki að vera aðili að umsókn vegna uppbyggingar reiðhallarinnar í Arnargerði. Bæjarráð lítur jákvæðum augum á verkefnið og samþykkir að gerast aðili að umsókn um uppbyggingu reiðhallarinnar Arnargerði.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið kl. 13:40.*

*Ágúst Þór Bragason (sign.)  
Valgarður Hilmarsson (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*